



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 142/109
komudagur 26.6.2013

Reykjavík, 25. júní 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, 20. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem lúta að hlutverki Seðlabankans á sviði fjármálastöðugleika, stjórnækjum bankans hvað varðar laust fé og gjaldeyrisjöfnuð, og auknar heimildir til upplýsingaöflunar og dagsekta.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að breytingartillögurnar styðji við áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta. Samtök atvinnulífsins styðja alla viðleitni sem líkleg er til að hraða afnámi gjaldeyrishafta og draga úr hættu á óstöðugleika á fjármálamarkaði í kjölfar þess.

Samtökin hafa skilning á þörf fyrir gagngerar endurbætur á umgjörð og að setja þurfi rammalöggjöf um alla fjármálastarfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja í þeim tilgangi að efla stöðugleika fjármálakerfisins í heild. Taka þarf í notkun heildarstjórnæki sem beita má til að koma í veg fyrir opþenslu á fjármálamarkaði og stuðla að fjármálastöðugleika.

Þetta frumvarp felur ekki í sér neina slíka rammalöggjöf. Ennfremur er í greinargerð með frumvarpinu ekki að finna nýjar upplýsingar um áætlanir Seðlabankans um afnám gjaldeyrishaftanna, né heldur kemur fram með skýrum hætti hvernig ákvæði frumvarpsins eru líkleg til að flýta fyrir afnámi haftanna eða auðveldi Seðlabankanum það verkefni umfram ákvæði gildandi laga. Þá er í greinargerðinni ekki lagt mat á kostnað fjármálastofnana og fyrirtækja við að veita Seðlabankanum viðbótarupplýsingar.

Samtök atvinnulífsins leggja því til að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað til haustþings. Tíminn fram til hausts verði notaður til að tengja ákvæði frumvarpsins betur við áætlun um afnám gjaldeyrishafta og leitað verði samráðs við fjármálafyrirtæki og samtök þeirra, sem og aðra hagsmunaaðila.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Árnason